

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Gunnarsholts.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. mars 2025 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 59,9 ha athafnasvæði (AT1) á svæði sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir framleiðslu skógarplantna í gróðurhúsum, léttum byggingum og á útisvæðum. Auk þess er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu til viðveru og gistingar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. mars 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2025